



Ársskýrsla

2017

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra



Ísland er um margt í kjörstöðu þegar kemur að framleiðslu hollra og hreinna matvæla sem framleiddar eru með sjálfbærum hætti. Í hafinu umhverfis landið eru auðug fiskimið og þökk sé hreinu lofti, jarðvegi og vatni og umhverfisvænni orku þá eru skilyrði til framleiðslu hágæða matvara ákjósanleg. Það er hlutverk ráðuneytisins að treysta stoðir íslenskrar matvælaframleiðslu og búa henni ákjósanleg skilyrði til að vaxa og dafna. Það er mín von að vinna við mótum heildstæðrar matvælastefnu sem hófst árið 2018 verði grunnur þeirrar sóknar sem við ætlum okkur á þessum vettvangi.

Fyrsta dag ársins 2017 tóku gildi nýir búvörusamningar til næstu 10 ára. Nú er að störfum samráðshópur um endurskoðun búvörusamninga en þar eiga m.a. sæti fulltrúar neytenda, bænda, stjórnvalda og atvinnulífsins. Það er mín von að þessi fjölbreytti hópur muni ná viðtæku samkomulagi um tillögur sem geta orðið grundvöllur að öflugum atvinnurekstri í landbúnaði og ekki síður skapað meiri sátt um uppbyggingu íslensks landbúnaðar.

Árið 2017 var tíðindamikið í íslenskum stjórnámálum og á árinu gegndu þrír einstaklingar embætti sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Þrátt fyrir mismunandi áherslur þá var grunnstefið það sama; að tryggja sjálfbæra auðlindanýtingu og framleiðslu á heilnæmum matvörum til sjávar og sveita með áherslu á nýsköpun og grænar lausnir.

Kristján Þór Júlíusson
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra

Bent er á að ársskýrslur ráðherra eru birtar með fyrirvara þar sem ríkisreikningur ársins lá ekki fyrir við gerð þeirra. Mögulegt er að fjárhæðir muni breytast lítillega við lokafrágang ríkisreiknings og verða skýrslurnar uppfærðar eftir því sem við á.

Í ársskýrslum ráðherra eru niðurstöður sýndar sem gjöld að frádregnum rekstrartekjum. Hins vegar eru uppgjörstölur í frumvarpi til fjárlaga birtar með þeim hætti að afskriftir ársins eru dregnar frá útgjöldum málefna sviða og málaflokka og fjárfestingum ársins bætt við, en með því fæst skýrari samanburður við fjárheimildir samkvæmt fjárlögum.

Samantekt um starfsemi ráðuneytis

Nýir búvörusamningar tóku gildi 1. janúar 2017 og gilda þeir til ársins 2026. Heildarútgjöld ríkisins til landbúnaðar á árinu 2017 námu 15,7 milljörðum króna en áætlað er að við lok samningstímans hafi árleg útgjöld ríkisins til landbúnaðarmála lækkað um 8%.

Gripið var til sérstakra ráðstafana í kjölfar þess að afurðaverð til sauðfjárbænda féll um þriðjung vegna utan- aðkomandi aðstæðna og voru veittar til þeirra 665 milljónir króna í fjárukalögum.

Á árinu voru innleiddar reglur ESB um lífræna landbúnaðarframleiðslu, sem skapa aukin tækifæri til verðmættasköpunar. Þá var gengið frá samkomulagi við Hagstofu Íslands um rannsóknir og úrvinnslu gagna vegna hagskýrslu- og hagrannsóknna í landbúnaði. Þá var á árinu lokið við úttekt á starfsemi Matvælastofnunar og unnið var að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um stofnunina og lögum um matvæli í samræmi við tilmæli Ríkisendurskoðunar.

Sjálfbær nýting fiskistofna samkvæmt bestu vísindaráðgjöf er megin áhersla í stjórn fiskveiða. Á fiskveiðiárinu var leyfilegur heildaraflí helstu nytjastofnun á Íslandsmiðum í samræmi við ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar sem og landaður afli, einnig var ákvörðun um leyfilegan heildarafla fiskveiðiársins 2017/18 í samræmi við ráðgjöf.

Að störfum var starfshópur um heildarendurskoðun á regluverki er varðar notkun veiðarfæra, veiðisvæði og verndunar- svæði á Íslandsmiðum. Verkefni hópsins er að gera tillögur að endurbótum á tæknilegum hluta fiskveiðistjórnkerfisins er varðar notkun veiðarfæra, skyndilokanir, skipastærðir og fleira í því skyni að einfalda umsýslu fiskveiða.

Ráðgjafafyrirtækið Deloitte skilaði áfangaskýrslu á rekstrarstöðu fyrirtækja í sjávarútvegi en ákveðið var að skoða þessi mál sérstaklega, m.a. í ljósi styrkingu krónunnar og afleiðinga sjómannaverkfallsins.

Skipaður var vinnuhópur um gjaldtöku í sjávarútvegi, en vegna þingrofs og kosninga lauk hann ekki störfum.

Nýjar reglur stórra markaðsríkja um rekjanleika sjávar- afurða tóku gildi á árinu 2017 og kölluðu þær á aðlögun á skráningarkerfum Fiskistofu. Auknar kröfur um vernd lífríkis við fiskveiðar, s.s. reglur Bandaríkjanna um verndun sjávar- spendýra fyrir áhrifum fiskveiðar munu krefjast aðgerða utan- lands sem innan, s.s. í hafrannsóknnum og sjóeftirliti.

Ráðuneytið átti á árinu fulltrúa í sendinefnd Íslands í undirbúningsnefnd á vegum Sameinuðu Þjóðanna um líf- fræðilega fjölbreytni utan lögsagna ríkja, en til nefndarinnar var efnt samkvæmt ályktun allsherjarþingsins að undan- gengnum löngum viðræðum um málefnið.


Rekstur og fjárfestingar

Verkefni á forræði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra tilheyra fimm málefnasviðum. Ráðherra fer einn með forræði málefnasviðs 12 Landbúnaðarmál og málefnasviðs 13 Sjávarút- vegur en fer með forræði hluta af málefnasviðum 7 Nýsköpun, rannsóknir og markaðsmál, 16 Markaðseftirlit og stjórnsýsla

atvinnumála og nýsköpunar og 21 Háskólastig. Raunútgjöld, þ.e. heildarútgjöld að frádregnum sértekjum, verkefna á for- ræði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra námu 22.225,7 m.kr. árið 2017.

Mynd 1

Raunútgjöld málefnasviða sem heyra undir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra



Raunútgjöld málefnasviða (m.kr.) Rekstrargjöld og fjárfestingar

7 Nýsköpun, rannsóknir og markaðsmál	378,8
12 Landbúnaðarmál	16.089,8
13 Sjávarútvegur	4.563,6
16 Markaðseftirlit og stjórnsýsla atvinnumála og nýsköpunar	961,9
21 Háskólastig	231,6

Á málefnasviði 7 Nýsköpun, rannsóknir og markaðsmál heyrta Framleiðnisjóður landbúnaðarins og AVS rannsóknarsjóður til að auka verðmæti sjávarfangs undir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og námu útgjöld sjóðanna samtals 378,8 m.kr. á árinu 2017. Á málefnasviði 16 Markaðseftirlit og stjórnýsla atvinnamála og nýsköpunar fer ráðherra með það sem snýr að starfsemi atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, húsnæðismálum o.þ.h., samtals 961,9 m.kr. Á málefnasviði 21 Háskólastig heyrta rannsóknir háskóla í þágu landbúnaðar undir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, samtals 231,6 m.kr.

Raunútgjöld málefnasviðs 12 Landbúnaðarmál námu rúmlega 16 ma.kr., þar af tæplega 14 ma.kr. vegna samninga um starfsskilyrði nautgriparæktar og sauðfjárræktar, samning um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða og ramma-samning um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins og þau

framlög sem ekki falla undir áður talda samninga. Undir málefnasviðið fellur ein stofnun, Matvælastofnun, og einn sjóður, Bjargráðasjóður. Þá falla undir málefnasviðið ýmsir samningar og verkefni, s.s. vegna landgræðslu og skógræktar í þágu landbúnaðar, hagransókna um landbúnað og varna gegn dýrasjúkdómum.

Raunútgjöld málefnasviðs 13 Sjávarútvegur námu rúmlega 4,5 ma.kr., þar af um 3,3 ma.kr. vegna stofnananna sem heyrta þar undir: Hafrannsóknastofnunar, Fiskistofu og Verðlagsstofu skiptaverðs. Fjórir sjóðir falla undir málefnasviðið: Fiskræktarsjóður, Sjóður til síldarrannsóknar, Umhverfissjóður sjókvíaeldis og Verkefnasjóður sjávarútvegsins. Þá falla hér undir matvælarannsóknir, alþjóðlegt samstarf í sjávarútvegi og ýmsir samningar og verkefni, s.s. vegna rannsókna.

Málefnasvið

Rekstrargjöld, þ.e. heildarútgjöld að frádregnum sértekjum og fjárfestingum, verkefna á forræði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra námu 22.022 m.kr. Áætlun ársins, þ.e. útgjaldarammi fjárlaga 2017 og fjárukalaga 2017 að teknu

tilliti til afskrifta og fjárfestinga og leiðréttinga á launabótum, gerði ráð fyrir að rekstrarútgjöldin næmu samtals 21.703 m.kr. Að auki voru til ráðstöfunar 1.521 m.kr. frá fyrra ári, þ.e. uppsafnaður höfuðstóll.

Tafla 1 Rekstur – málefnasvið og málaflokkar

Málaflokkar	Raun	Áætlun ársins	Frávik innan ársins	Frávik %	Flutt frá fyrra ári	Uppsafn frávik	Frávik %
07 Nýsköpun, rannsóknir og markaðsmál	379	352	27	-7,7%	109	-82	-23%
0710 - Samkeppnissjóðir í rannsóknum	379	352	27	-7,7%	109	-82	-23%
12 Landbúnaðarmál	16.086	16.007	79	0,5%	295	-216	-1%
1210 - Stuðningur við mjólkurframleiðslu	6.616	6.616	0	0,0%	0	0	0%
1220 - Stuðningur við sauðfjárframleiðslu	4.982	4.982	0	0,0%	0	0	0%
1230 - Stuðningur við grænmetisframleiðslu	585	557	28	5,0%	4	24	4%
1240 - Verðmiðlun og landbúnaðarsjóðir	3.894	3.843	51	1,3%	291	-240	-6%
1250 - Rannsóknir og eftirlit í landbúnaðarmálum	9	9	0	0,0%	0	0	0%
13 Sjávarútvegur	4.367	4.096	271	6,6%	1.047	-776	-19%
1310 - Stjórnýsla fiskveiða	1.144	1.166	-22	-1,9%	659	-681	-58%
1320 - Rannsóknir og þróun í sjávarútvegi	3.223	2.930	293	10,0%	388	-95	-3%
16 Markaðseftirlit og stjórns. atv.mála og nýsk.	958	1.016	-58	-5,7%	64	-122	-12%
1620 - Stjórnýsla atvinnamála og nýsköpunar	958	1.016	-58	-5,7%	64	-122	-12%
21 Háskólastig	232	232	-1	-0,3%	6	-6	-3%
2120 - Rannsóknarstarfsemi á háskólastigi	232	232	-1	-0,3%	6	-6	-3%

7 Nýsköpun, rannsóknir og markaðsmál

Til ráðstöfunar voru 461 m.kr. á árinu 2017, 352 m.kr. skv. áætlun ársins og 109 m.kr. frá fyrra ári. Rekstrargjöld Framleiðnisjóðs landbúnaðarins og AVS rannsóknasjóðs til að auka verðmæti sjávarfangs námu alls 379 m.kr. og uppsafnað frávik því alls 82,4 m.kr. afgangur. Frávikið skýrist annars vegar af úthlutuðum en ógreiddum styrkjum og hins vegar af því að AVS ráðstafar tekjum í næstu úthlutun eftir að þær hafa verið innheimtar, þ.e. tekjum sjóðsins á árinu 2017 verður ráðstafað í úthlutun sjóðsins á árinu 2018. Þessi háttur er hafður á til þess að tekjurnar liggi fyrir áður en þeim er ráðstafað. Alls bærust sjóðunum umsóknir upp á rúmlega 500 m.kr. 73 verkefni fengu styrki úr sjóðunum og nam heildarfjárhæð styrkja um 300 m.kr. Á árinu hófst vinna í ráðuneytinu við að greina kosti þess og galla að sameina Framleiðnisjóð landbúnaðarins og AVS til að koma á fót öflugum matvælasjóði.

12 Landbúnaðarmál

Til ráðstöfunar voru alls 16.381 m.kr., 16.007 m.kr. skv. áætlun ársins og 295 m.kr. frá fyrra ári. Rekstrargjöld málefnaþróunar námu 16.086 m.kr. og uppsafnað frávik því 216 m.kr. afgangur. Frávikið skýrist að mestu af því hve seint verkefnið Matarauður Íslands fór af stað, þ.e. verkefninu var áætlað fjármagn fyrir fulla starfsemi á árunum 2016 og 2017 en verkefnastjóri tók til starfa í árslok 2016. Árið 2016 var því lítil starfsemi og á árinu 2017 voru línur lagðar og verkefnið skipulagt en framlagi árána 2016 og 2017 var ekki ráðstafað að fullu. Þá var afgangur af starfsemi Matvælastofnunar, m.a. vegna hærri tekna og lægri kostnaðar við sýnatökur. Þann 1. janúar 2017 tóku gildi nýir búvörusamningar. Heildarútgjöld ríkisins til landbúnaðar á árinu voru 15,7 milljarðar króna. Áætlað er að heildarútgjöld ríkisins til landbúnaðar dragist saman um rúm 8% á gildistíma samningsins til 2026. Samningarnir gilda til 10 ára en gert er ráð fyrir að þeir verði endurskoðaðir tvisvar á samningstímanum; árin 2019 og 2023. Á árinu voru svo veittar 665 millj. kr. framlag í fjárákaldögum til að bregðast við því að afurðaverð til sauðfjárbænda féll um þriðjung vegna utanaðkomandi aðstæðna. Þá voru á árinu innleiddar reglur ESB um lífræna landbúnaðarframleiðslu, sem skapa aukin tækifæri til verðmætasköpunar. Lokið var við úttekt á starfsemi Matvælastofnunar á árinu sem og unnið var að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um stofnunina og lögum um matvæli í samræmi við tilmæli Ríkisendurskoðunar. Þá var á árinu gengið var frá samkomulagi við Hagstofu Íslands um rannsóknir og úrvinnslu gagna vegna hagskýrslu- og hagrannsóknna í landbúnaði. Starfshópur um endurskoðun löggjafar um dýrasjúkdóma og dýralækna skilaði tillögum sínum 18. október 2017 en skýrslan verður nýtt til vinnslu frumvarpa til breytinga á lögum á þessu sviði.

13 Sjávarútvegur

Á málefnaþróun 13 Sjávarútvegur voru alls 5.143 m.kr. til ráðstöfunar, 4.096 m.kr. skv. áætlun ársins og 1.047 m.kr. frá fyrra ári. Rekstrargjöld málefnaþróunar námu 4.367 m.kr. og uppsafnað frávik í árslok því 776 m.kr. afgangur. Frávikið skýrist af höfuðstólum Sjóðs til síldarrannsóknna og Fiskræktarsjóðs sem ekki mátti ganga á skv. lögum um sjóðina. Á fiskveiðarárinu 2016/17 var leyfilegur heildarafli helstu nytjastofnun á Íslandsmiðum í samræmi við ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar sem og landaður afli. Einnig var ákvörðun um leyfilegan heildarafli fiskveiðarársins 2017/18 í samræmi við ráðgjöf. Vinnuhópar um endurskoðun löggjafar um byggðakvóta sem og um stefnu-mótun í fiskeldi úr sjó skiluðu lokaskýrslum, en vinnuhóp um gjaldtöku í sjávarútvegi var slitið vegna þingrofs og kosninga. Hafin var heildarendurskoðun á tæknilegum hluta fiskveiðistjórnunarkerfisins í því skyni að einfalda umsjá fiskveiða. Nýjar reglur einstakra markaðsríkja um rekjanleika sjávarafurða og vernd sjávarspendýra við fiskveiðar komu til framkvæmda og kröfðust aðgerða bæði innanlands og á alþjóðavettvangi. Á árinu lauk undirbúningsviðræðum á vettvangi Sameinuðu þjóðanna þar sem tekin var ákvörðun um að efna til nýrrar alþjóðlegrar ríkjaráðstefnu um gerð samnings um verndun og sjálfbæra nýtingu líffræðilegrar fjölbreytni í hafinu utan lögsögu ríkja. Á árinu 2017 voru kortlögð tæplega 5% af hafsbotninum kringum landið, sem hluti átaks er hófst árið 2016. Hafrannsóknastofnun veitti ráðgjöf fyrir 36 nytjastofna, þ.a. tvo stofna hvala og framkvæmdi nauðsynlegar rannsóknir m.v. áætlun.

16 Markaðseftirlit og stjórnsýsla atvinnumála og nýsköpunar

Til ráðstöfunar voru 1.080 m.kr., 1.016 m.kr. skv. áætlun ársins og 64 m.kr. frá fyrra ári. Rekstrargjöld námu 958 m.kr. og uppsafnað frávik því alls 122 m.kr. Frávikið skýrist af því að ráðningar nýrra starfsmanna voru síðar á árinu en áætlað var ásamt því að ferðakostnaður var lægri, m.a. vegna hagstæðari fargjalda í gegnum nýjan afsláttarsamning ríkisins um millilandaflugfargjöld.

21 Háskólastig

Til ráðstöfunar voru 238 m.kr., 232 m.kr. skv. áætlun ársins og 6 m.kr. frá fyrra ári. Rekstrargjöld námu 232 m.kr. og uppsafnað frávik því 6 m.kr. Frávikið skýrist af leiðréttingu launabóta sem ekki hefur verið ráðstafað. Á árinu var gerður samningur við Landbúnaðarháskóla Íslands (LBHÍ) um þjónustu á sviði rannsókna, þróunarvinnu og sérhæfðar ráðgjafar fyrir árinu 2017-2019 en samningurinn tók við af eldri samningi um sama efni sem á sér rót í tilfærslu LBHÍ frá landbúnaðarráðuneytinu til menntamálaráðuneytisins árið 2008.

Málaflokkar

Árangur og ávinningur af ráðstöfun fjármuna

7 Nýsköpun, rannsóknir og markaðsmál

Meginmarkmið málaflokksins eru að efla gæði, afrakstur og skilvirgni í rannsóknarstarfi og nýsköpun, efla alþjóðlegt samstarf á sviði rannsókna, nýsköpunar og menntunar og að auka hreyfanleika vísindamanna, nemenda og starfsfólks. Til að ná þessu markmiði þarf að breyta fyrirkomulagi samkeppnisjóða í rannsóknum. Í rammisamningi um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins er mælt fyrir um að endurskoða skuli lög um Framleiðnisjód landbúnaðarins og samhliða því verði starfsáherslur sjóðsins endurskoðaðar. Endurskoðuninni er ekki lokið og tók starf sjóðsins því mið af áherslum fyrri ára. Á árinu hófst vinna í ráðuneytinu við að greina kosti þess og galla að sameina Framleiðnisjód landbúnaðarins við sjóði á borð við Aukið virði sjávarafurða til að koma á fót öflugum matvælasjóði.

AVS sjóðurinn hefur starfað frá því 2003 og er að mestu fjármagnaður af fjárlögum. Markmið sjóðsins er að veita styrki til rannsókn- og þróunarverkefna, sem stuðla að auknu verðmæti íslensks sjávarfangs og efla samkeppnishæfni

sjávarútvegs og fiskeldis hér á landi. Á árinu 2017 hafði sjóðurinn yfir að ráða tæplega 266 milljónum kr. og er rekstur sjóðsins greiddur af þeirri fjárveitingu. Alls bárust umsóknir upp á tæplega 400 milljónir kr. og fengu 42 verkefni styrk upp á samtals rúmlega 250 milljónir kr.

Framleiðnisjóður landbúnaðarins. Á árinu barst sjóðnum 86 erindi, 37 voru umsóknir vegna atvinnueflingar og nýsköpunar á einstökum bújörðum, 49 vegna rannsókna og þróunarverkefna eða fræðslutengdra viðfangsefna. Heildarfjárhæðir umsókna á árinu til rannsókna- og þróunarverkefna námu 139,4 m.kr en heildarfjöldi umsókna voru 49. Þá var heildarfjárhæð úthlutaðra styrkja 59,7 m.kr. sem ráðstafað var samkvæmt 29 umsóknum. Á árinu vann sjóðurinn að endurbótum á verklagi, svo sem með uppfærslu eyðublaða og innleiðingu samræmdra matskvarða við mat og forgangsgröðun umsókna.

12 Landbúnaðarmál

Meginmarkmið málefnaviðsins er að tryggja góða stöðu íslensks landbúnaðar með betri samkeppnishæfni sem skili bændum betri afkomu og neytendum lægra verði.

12.1 Stuðningur við nautgripærækt

Undir þennan málaflokk falla viðfangsefni samnings um starfsskilyrði nautgripæræktar skv. 30. gr. búvörulaga nr. 99/1993 með síðari breytingum og reglugerðum sem búvörusamningar byggja á. Gildistími samnings er 1. janúar 2017 til 31. desember 2026.

Á síðustu árum hefur þessi málaflokkur tekið mið af samningi um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu frá 10. maí 2004 (framlengdur að mestu óbreyttur árin 2007, 2009 og 2012). Með nýjum samningi urðu ákveðnar stefnubreytingar, greiðslumark mun fjara út á samningstímanum, stuðningsform ríkisins verður fjölbreyttara og stuðningur við nautakjötsframleiðslu aukinn. Markmið stefnu stjórnvalda er að tryggja góða stöðu íslenskrar nautgripæræktar sem skili


bændum betri afkomu og neytendum lægra verði. Gert er ráð fyrir að samningar er heyrta undir búvörusamninga, þar á meðal samningur um starfsskilyrði nautgripæræktar, verði endurskoðaðir tvisvar á samningstímanum, árin 2019 og 2023, þar sem metin verður þróun innan einstakra samninga og hvernig tekist hefur að ná settum markmiðum.

Meginmarkmið málefnaviðsins er að tryggja góða stöðu íslensks landbúnaðar með betri samkeppnishæfni sem skili bændum betri afkomu og neytendum lægra verði. Samningur um stuðning við nautgripærækt mun stuðla að því að þessum markmiðum verði náð með því að efla íslenska nautgripærækt, skapa greininni sem fjölbreyttust sóknarfæri og undirbúa hana undir áskoranir næstu ára. Samningnum er ætlað að hvetja til þróunar og nýsköpunar í greininni með heilnæmi og gæði afurða, velferð dýra og samfélagslega ábyrgð að leiðarljósi. Eftirfarandi markmið miða að þessu.

Markmið 1: Bæta nýliðun og efla nautgriparækt

Mælikvarði 1a: Hlutfall greiðslna sem byggja á greiðslumarki


Hlutfall greiðslna sem byggðu á greiðslumarki var 85% árið 2015. Viðmið voru sett um að hlutfallið yrði 30% árið 2017 og náðist það viðmið, enda urðu talsverðar breytingar á stuðningsfyrirkomulagi með tilkomu nýrra búvörusamninga sem komu til framkvæmda þann 1. janúar 2017. Dregið var úr beingreiðslum, sem byggja á greiðslumarki, og stuðningur færður á aðra liði sem óháðir eru greiðslumarki framleiðenda.




Mælikvarði 1b: Tekjur mjólkurbúa og kostnaður við framleiðslu

Meðaltekjur og -kostnaður kúabúa var 34,2 m.kr. og 25,4 m.kr. árið 2015 skv. tölum Hagstofu Íslands. Sett voru viðmið um að meðaltekjur myndu haldast óbreytt en að kostnaður myndi dragast saman í 24,9 m.kr. Rekstrartölur eru ekki tiltækar fyrir árið 2017. Hagstofa Íslands vinnur að endurbættri gagnasöfnun um helstu búgreinar. Gagnasöfnun byggði áður á

úrtaði kúabúa, en unnið er að því að safna upplýsingum úr skattframtölum og landbúnaðarskýrslum kúabúa sem og að nýta önnur tölfræðigögn til ítarlegri greiningar á rekstrar- og efnahagsyfirliti búgreina en áður hefur verið gert. Gert er ráð fyrir að upplýsingar liggi fyrir á seinni hluta þessa ársins 2018.



Mælikvarði 1c: Framboð á nautakjöti, mælt í innflutningi (kg) og framleiðslu (kg)




Framboð á nautakjöti árið 2015 var áætlað 3.606 tonn af innlendu kjöti ásamt 1.084 tonn af innfluttu kjöti. Sett voru viðmið um að innlend framleiðsla myndi aukast um 3% á ári og innflutningur myndi dragast saman um -2% á ári. Staðan árið 2017 var sú að innlend framleiðsla hafði aukist um 28% frá árinu 2015 og innflutningur dregist saman um 21% yfir sama tímabil. Í nýjum samningi um starfsskilyrði nautgriparæktar var lögð aukin áhersla á aukið framboð og aukin gæði í nautakjöts-

framleiðslu með nýjum stuðningi við nautakjötsframleiðslu. Fjárhæð stuðningsins var 173 m.kr. árið 2017 og af þeirri fjárhæð runnu 73 m.kr. til greiðslu sláturálags á nautakjöti og 100 m.kr. í stofnkostnað við einangrunarstöðvar vegna innflutnings á erfðæfni holdanautgripa. Má ætla að þessi stuðningur hafi haft tilætluð áhrif með aukinni innlendri framleiðslu.

Markmið 2: Jafna stöðu karla og kvenna í nautgriparækt

Mælikvarði 2a: Hlutfall karla og kvenna sem eru skráð handhafar greiðslna



Hlutfall kynjanna sem skráð voru handhafar greiðslna í nautgriparækt lá ekki fyrir við gerð fjármálaáætlunar og var áætlað út frá tölum frá 2011. Unnið er að skipulagðri upplýsingasöfnun um kyngreinanlegar upplýsingar um stuðningsgreiðslur vegna landbúnaðar. Ljóst er að talsvert fleiri karlar eru skráðir handhafar greiðslna. Þann 1. janúar 2017 tók í gildi breyting á búvörulögum þar sem meðal annars varð einstaklingum í hjúskap eða óvígðri sambúð á hverju lögbýli heimilt að skrá

tvo framleiðendur sem handhafa greiðslna. Sett voru viðmið um að hlutur kvenna myndi aukast úr 8,7% árið 2015 í 10,7% árið 2017 á kostnað hlut karla. Árið 2017 höfðu raunhlutföll breyst nokkuð frá því sem áætlað var fyrir árið 2015. Hlutur kvenna var 9,4% og hlutur karla lækkað úr 82,5% í 65,7%. Ástæðu þess má einkum rekja til aukningar á því að bændur færi rekstur sinn í einkahlutafélög, enda kúabú stækkað mikið á undanförunum árum og fjárfestingar aukist til muna.

12.20 Stuðningur við sauðfjárframleiðslu

Meginmarkmið málefnasviðsins er að tryggja góða stöðu íslensks landbúnaðar með betri samkeppnishæfni sem skili bændum betri afkomu og neytendum lægra verði.

Á árinu voru gerðar breytingar á ákvæðum reglugerðar um gæðastýrða sauðfjárrækt þannig að aukin áhersla er á gæðastýringu í framleiðslu sauðfjárafurða, þá var breytingunni ætlað að vera leið til að bregðast við fækkun býla. Þá tóku gildi 1. janúar 2017 ákvæði um svæðisbundinn stuðning í sauðfjárrækt en tillögur að útfærslu stuðningsins voru unnar í samvinnu við Byggingastofnun. Á árinu var einnig unnið að útfærslu á fjölbreyttari stuðningi fyrir árið 2018, en það eru gripagreiðslur og býlisstuðningur. Gengið var frá samkomulagi um ráðstöfun aukins virðis sauðfjárafurða við Markaðsráð kindakjöts en tilgangur þess er að efla auðkenningu íslenskra sauðfjárafurða og auka þannig verðmætasköpun, sölu til ferðamanna og arðsemi útflutnings. 1. janúar 2017 tóku gildi lög nr. 102/2016 um breytingu á búvörulögum þar sem kerfislægum hindrunum sem koma í veg fyrir jafna stöðu karla og kvenna í landbúnaði, í lögum og reglugerðum var eytt.

Á árinu voru veittar 665 millj. kr. framlag í fjárukalögum til að bregðast við því að afurðaverð til sauðfjárnænda féll um þriðjung vegna utanaðkomandi aðstæðna. Framlaginu var ráðstafað með eftirfarandi hætti:

- 400 m.kr. ráðstafað til bænda en skilyrði fyrir

greiðslum var að viðkomandi bóndi byggji á lögbýli og hefði fleiri en 150 vetrarfóðraðar kindur.


- 150 m. kr. ráðstafað í svæðisbundinn stuðning til þeirra bænda sem eiga erfitt að sækja atvinnu utan búnsins vegna fjarlægðar frá þéttbýli samkvæmt reglugerð um stuðning við sauðfjárrækt.
- 65 m.kr. var ráðstafað í önnur verkefni með hagsmuni bænda og neytenda að leiðarljósi. Meðal annars var ráðist í úttekt á afurðastöðvum sem nýtist við endurskoðun búvörusamninga og greiningu á möguleikum landshluta til landbótaáðgerða.
- 50 m.kr. varið til verkefna er lúta að kolefnisjöfnun enda mikilvægt að nýta krafta bænda til að vinna að markmiðum Íslands í loftlagsmálum.

Eftirfarandi undirmarkmið miða að settu meginmarkmiði:

Markmið 1: Bæta nýliðun í sauðfjárrækt

Mælikvarði 1a: Hlutfall greiðslna sem byggja á greiðslumarki

Hlutfall greiðslna sem byggðu á greiðslumarki var 52% árið 2015. Viðmið voru sett um að hlutfallið yrði 51% árið 2017 og náðist það viðmið.




Markmið 2: Efla sauðfjárrækt með breyttu stuðningsformi

Mælikvarði 2a: Hlutfall framleiðslu (kg) innan gæðastýringar

Álagsgreiðslur greiðast á allt framleitt kindakjöt sem uppfylla kröfur gæðastýringar samkvæmt samningi um starfsskilyrði sauðfjárræktar. Þessar kröfur snúa að velferð búfjár, sjálfbærri landnýtingu, hollustu afurða og fleiri skilyrða sem sett eru í reglugerð um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu.


Árið 2015 var framleiðsla innan gæðastýringar um 96% og voru sett viðmið um að hlutfallið yrði 97% árið 2017. Um 93% sauðfjárframleiðslu var innan gæðastýringar árið 2017. Ekki liggja fyrir upplýsingar um ástæður þess að framleiðsla innan gæðastýringar dróst saman á tímabilinu.



Mælikvarði 2b: Fjöldi handhafa beingreiðslna á búum með greiðslumark

Sett var markmið um að fjöldi sauðfjárþænda myndi haldast óbreyttur til ársins 2019, í stað þess að dragast saman. Fjöldi sauðfjárþænda, hér mælt í fjölda handhafa beingreiðslna á

búum með greiðslumark, var 1.610 árið 2015 en þeim hafði fjölgað í 1.689 árið 2017.



Mælikvarði 2c: Fjárhæðir nýs stuðnings við sauðfjárrækt, s.s. gripagreiðslna og býlisstuðnings

Staða 2015

Á ekki við. Nýr stuðningur.

Viðmið 2017

Unnið að upptöku fjölbreyttari stuðnings við sauðfjárrækt.

Staða 2017


Unnið að upptöku býlisstuðnings og fjárfestingastuðnings. Vinnu samráðshóps um endurskoðun búvörusamninga flýtt vegna sauðfjárræktar.

Markmið 3: Auka markaðsvirði sauðfjárafurða

Mælikvarði 3a: Hlutfall útflutningsverðmætis kindakjöts af framleiðsluvirði þess

Í nýjum búvörusamningum var verulega bætt í stuðning vegna átaksverkefnis „Aukið virði sauðfjárafurða“ sem hefur það að markmiði að auka virði sauðfjárafurða og bæta afkomu bænda, meðal annars með því að vinna auðkenningu íslenskra sauðfjárafurða, aukinni verðmætasköpun, sölu til ferðamanna og arðsemi útflutnings. Hlutfall útflutningsverðmætis kindakjöts af framleiðsluvirði þess var 18,5% árið 2015 og hafði aukist

í 20,8% árið 2017, eða 1,4% umfram það viðmiðunarhlutfall sem sett var í fjármálaáætlun. Hafa ber í huga að í kjölfar erfiðleika á erlendum mörkuðum og stöðu sauðfjárræktar árið 2017, hafði framleiðsluvirði sauðfjárræktar dregist saman úr 10.711 m.kr. árið 2015 í 8.189 m.kr. árið 2017. Á sama tíma hafði útflutningsverðmæti einnig dregist saman úr 1.976 m.kr í 1.710 m.kr.




Markmið 4: Jafna stöðu karla og kvenna í sauðfjárrækt

Mælikvarði 4a: Hlutfall karla og kvenna sem eru skráð handhafar greiðslna

Hlutfall kynjanna sem skráð voru handhafar greiðslna í sauðfjárrækt lá ekki fyrir við gerð fjármálaáætlunar og var áætlað út frá tölum frá 2011. Unnið er að skipulagðri upplýsingasöfnun um kyngreinanlegar upplýsingar um stuðningsgreiðslur vegna landbúnaðar. Þann 1. janúar 2016 tók í gildi breyting á búvörulögum þar sem meðal annars varð einstaklingum í hjúskap eða óvígðri sambúð á hverju lögbyli heimilt að skrá tvo framleiðendur sem handhafa greiðslna.

Sett voru viðmið um að hlutur kvenna myndi aukast úr 14,9% árið 2015 í 16,9% árið 2017 á kostnað hlut karla. Árið 2017 höfðu raunhlutföll breyst nokkuð frá því sem áætlað var fyrir árið 2015. Hlutur kvenna var 16,0% og hlutur karla lækkað úr 82,6% í 73,0%. Ljóst er að hlutur kvenna hefur aukist frá því sem áætlað var árið 2015 en hlutfall karla dregist saman. Á sama tíma hefur hlutfall lögaðila aukist úr 2,5% í 11,0% frá 2015 til 2017.



12.30 Stuðningur við garðyrkju

Meginmarkmið málefnasviðsins er að tryggja góða stöðu íslensks landbúnaðar með betri samkeppnishæfni sem skili bændum betri afkomu og neytendum lægra verði. Samningur um stuðning við garðyrkju er ætlað að stuðla að því að þessum markmiðum verði náð með því að efla í hvívetna samkeppnishæfni íslenskrar garðyrkju með heilnæmi, gæði og áreiðanleika afurða að leiðarljósi, ásamt vandaðri umgengi við umhverfi. Samningnum er ætlað að auka framboð og neyslu á garðyrkjuafurðum í samræmi við lýðheilsustefnu stjórnvalda og aukna vitund almennings um hollustu og heilbrigða lífshætti. Á árinu tók gildi reglugerð um stuðning við garðyrkju þar sem mælt var fyrir um beingreiðslur í garðyrkju sem og niðurgreiðslu á gróðurhúsálýsingu. Samráðshóp

um endurskoðun búvörusamninga var falið að horfa til þess hvernig framleiðsla garðyrkjuafurða hefur þróast og hvort markmið samningsins hafi gengið eftir, þá verði framkvæmd greining á hagkvæmni þess að taka upp uppskerutengdar greiðslur vegna útiræktaðra garðyrkjuafurða og kartaflna á árunum 2017-2019 sem komi til skoðunar við endurskoðun samningsins 2019. 1. janúar 2017 tóku gildi lög nr. 102/2016 um breytingu á búvörulögum þar sem kerfislægum hindrunum sem koma í veg fyrir jafna stöðu karla og kvenna í landbúnaði, í lögum og reglugerðum var eytt.


Eftirfarandi undirmarkmið styðja við meginmarkmið málefnasviðsins:

Markmið 1: Efla rannsóknir, vöruþróun og vöruúrval í garðyrkju

Mælikvarði 1a: Framleiðsla í tonnum (10 tegundir birt af Hagstofu Íslands)

Liður í markmiðinu um að efla rannsóknir, vöruþróun og vöruúrval var settur mælikvarði á um magn framleiðslu á 10 grænmetistegundum sem Hagstofan birtir upplýsingar um árlega. Viðmið var sett um að framleiðslan myndi aukast úr 15.023

tonnum í 15.477 tonn samfara auknum fjölda ferðamanna og fólksfjölgun. Magn framleiðslu þessara tegunda hafði þó ekki breyst neitt árið 2017 frá árinu 2015.



Mælikvarði 1b: Umfang upplýsingaöflunar og utanumhalds um vöruúrval og -þróun


Staða 2015	Viðmið 2017	Staða 2017
Gera aðgerðaáætlun um upplýsingaöflun	Upplýsingar tiltækar um vöruúrval og unnið að greiningu	Óbreytt varðandi upplýsingar um vöruúrval. Hagstofa vinnur að rekstraryfirliti fyrir helstu búgreinar.

Markmið 2: Lækkun og/eða niðurfelling tollverndar

Mælikvarði 2a: Hlutfall innlendar framleiðslu í heildarneyslu

Hlutfall innlendar framleiðslu í heildarneyslu garðyrkjuafurða var áætlað 49,0%. Ekki var sett sérstakt viðmið um hlutfallið árið 2017, en ákveðið að greina stöðuna betur. Sú greining leiðir í ljós að gera má ráð fyrir að hlutfall innlendar framleiðslu í heildarneyslu sé 48,6% sem er ekki fjarri því sem


áætlað var fyrir árið 2015. Sjá má á mælikvarða 1.a. fyrir garðyrkjurækt, að framleiðsla hefur nokkurn veginn staðið í stað frá 2015 og því má reikna með að ekki miklar breytingar hafi orðið á hlutfalli innlendar framleiðslu í heildarneyslu.



Mælikvarði 3a: Hlutfall karla og kvenna sem eru skráð handhafar greiðslna

Hlutfall kynjanna sem skráð voru handhafar greiðslna í garðyrkju lá ekki fyrir við gerð fjármálaáætlunar og var áætlað út frá tölum frá 2011. Unnið er að skipulagðri upplýsingasöfnun um kyngreinanlegar upplýsingar um stuðningsgreiðslur vegna landbúnaðar. Þann 1. janúar 2017 tók í gildi breyting á búvörulögum þar sem meðal annars varð einstaklingum í hjúskap eða óvígðri sambúð á hverju lögbýli heimilt að skrá

tvo framleiðendur sem handhafa greiðslna. Sett voru viðmið um að hlutur kvenna myndi aukast úr 3,4% árið 2015 í 5,4% árið 2017 á kostnað hlut karla. Árið 2017 höfðu raunhlutföll breyst nokkuð frá því sem áætlað var fyrir árið 2015. Hlutur kvenna var óbreyttur eða 3,4% og hlutur karla dregist saman úr 69,0% í 24,1%. Ljóst er að mikil aukning hefur verið á skráningu reksturs garðyrkjubúa í einkahlutafélag.



12.40 Rannsóknir og eftirlit í landbúnaðarmálum

Matvælastofnun: Lokið var við úttekt á starfsemi Matvælastofnunar á árinu sem og unnið var að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um stofnunina og lögum um matvæli í samræmi við tilmæli Ríkisendurskoðunar.

Landgræðsla og skógrækt í þágu landbúnaðar:

Undirritaður var þjónustusamningur um rannsóknir og þróunarvinnu í skógrækt í þágu landbúnaðar 2. júní 2017 en markmið samningsins var að tryggja sé að fram fari hagnýtar rannsóknir og þróunarstarf í skógrækt og tryggður sé aðgangur að bestu vísindalegu þekkingu sem völ er á. Áhersla var lögð á málefni tengd erfðaauðlindum í trjá- og skógrækt, nýræktun skóga og skjólbelta, umhirða og afurðum skóga, vistfræði loftlagsbreytingum og trjá- og skógaheilsa. Þá var undirritað samkomulag við Landssamtök skógareigenda 7. nóvember 2016 um verkefni skv. 12. gr. rammasamnings um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins vegna átaksverkefna í skógrækt, skógarafurðum, vöruþróun og markaðssetningu skógarafurða úr skógum bænda. Markmið samningsins er að auka virði skógarnytja, efla áframvinnslu hráefnis, vöruþróun og vöruframboð og stuðla þannig að aukinni arðsemi skógræktar.

Hagskýrslur og hagrannsóknir um landbúnað:

Á árinu var gengið frá samkomulagi við Hagstofu Íslands um rannsóknir og úrvinnslu gagna vegna hagskýrslu- og

hagrannsóknna í landbúnaði. Áhersla var lögð á rannsóknir og úrvinnslu gagna sem nýtast við hagrænar leiðbeiningar til bænda og rannsóknir sem gagnast við stefnumótun og ákvarðanatöku stjórnvalda.

Búnaðarlagasamningur (rammasamningur um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins): Á árinu var gefin út reglugerð um almennan stuðning við landbúnað þar sem ákvæði samningsins eru útfærð nánar. Meginmarkmið samningsins er að efla íslenskan landbúnað og skapa landbúnaði sem fjölbreyttust sóknarfæri.

Greiðslur vegna varna gegn dýrasjúkdómum:

Starfshópur um endurskoðun löggjafar um dýrasjúkdóma og dýralækna skilaði tillögum sínum 18. október 2017 en skýrslan verður nýtt til vinnslu frumvarpa til breytinga á lögum á þessu sviði.

Ýmis framlög í landbúnaði: Á sviði Matarauðs var stefnumótun og áætlunargerð lokið, farið var í kynningarferðir um landið og fundað með aðilum í matarferðaþjónustu til að greina áskoranir og tækifæri ásamt því að samstarfsverkefni voru undirbúin. Þá var unnið að verkfærakistu um íslensk hráefni og matarmenningu sem og verkefnum með bændum sem snúa að betri markaðssetningu, sýnileika og aðgengi að íslenskum vörum.

Markmið 1: Efla rannsóknir, skilvirkni, hagkvæmni og matvælaeftirlit

Mælikvarði 1a: Útistandandi tilmæli frá gæðaeftirliti ESA um úrbætur í matvælaeftirliti


Staða 2015	Viðmið 2017	Staða 2017
Unnið að öflun upplýsinga um útistandandi tilmæli	Fækkun útistandandi tilmæla frá 2015 um 25%	Unnið að öflun upplýsinga um útistandandi tilmæli

Við gerð skýrslunnar lágu ekki fyrir nægar upplýsingar um þróun útistandandi tilmæla frá gæðaeftirliti ESA. Unnið er að samantekt um málið.

Markmið 2: Bæta stuðning við nýliðun, þróun, jarðrækt, leiðbeiningarþjónustu, lífrænan búskap og vernd búfjárstofna þvert á allar greinar landbúnaðar

Mælikvarði 2a: Umsóknir um jarðræktarstuðning (ha.)

Árið 2015 var sótt um stuðning við jarðrækt á 12.700 ha. Sett var viðmið um að umsóknir myndu aukast í 14.000 ha. en raunin varð að fjöldi hektara sem sótt var um stuðning á fór niður í 10.866 árið 2017.




Markmið 3: Hlutfall karla og kvenna í landbúnaðarmálum

Mælikvarði 3a: Hlutfall karla og kvenna sem eru skráð handhafar greiðslna

Upplýsingar um hlutfall kynjanna sem skráð voru handhafar greiðslna í landbúnaði lágu ekki fyrir við gerð fjármálaáætlunar. Nú er unnið að skipulagðri upplýsingasöfnun um kyngreinanlegar upplýsingar um stuðningsgreiðslur vegna landbúnaðar. Þann 1. janúar 2017 tók í gildi breyting á búvörulögum þar sem meðal annars varð einstaklingum í hjúskap

eða óvígðri sambúð á hverju lögbýli heimilt að skrá tvo framleiðendur sem handhafa greiðslna. Ekki voru sett viðmið vegna ársins 2017, en greining á stöðu kynjanna árið 2017 gefur til kynna að 70,7% handhafa greiðslna hafi verið karlar, 14,1% konur og hlutur lögaðila var 15,2%. Lögaðilar hafa ekki verið greindir m.t.t. kynjahlutfalls eigenda.



12.50 Landbúnaðarsjóðir

Innheimtu búnaðargjalds var hætt á árinu vegna dóms Héraðs-dóms Reykjavíkur frá 6. janúar 2009. Hafði það áhrif á B-deild Bjargráðasjóðs sem var lögð niður og var eignum hennar ráðstafað til Bændasamtaka Íslands.

Ekki var lokið við stofnun hamfarasjóðs á árinu en í þeirri vinnu var gert ráð fyrir að A-deild Bjargráðasjóðs yrði hluti af þeim sjóði. A -deild sjóðsins er því enn starfandi skv. lögum um Bjargráðasjóð nr. 49/2009.

Markmið 1: Einfalda landbúnaðarsjóði

Mælikvarði 1a: Innheimta búnaðargjalds

Staða 2015	Viðmið 2017	Staða 2017
Innheimtar 523 m. kr.	Í vinnslu	Innheimtu hætt

Mælikvarði 1b: Starfsemi B-deildar Bjargráðasjóðs

Staða 2015	Viðmið 2017	Staða 2017
Starfshópur að störfum	Unnið að breytingum á lögum	B-deild Bjargráðasjóðs lögð niður. Eftirstöðvar runnu til Bændasamtaka Íslands til sömu verkefna og B-deild hafði áður sinnt.

13 Sjávarútvegur

13.10 Stjórnsýsla fiskveiða

Markmið 1: Tryggja áframhaldandi sjálfbærni fiskistofna

Sjálfbær nýting lifandi auðlinda hafsins sem byggir á bestu vísindabekkingu er undirstaða undir áframhaldandi sterka stöðu sjávarútvegs á Íslandi.

Mælikvarði 1. Afli og útgefnar veiðiheimildir:

Á fiskveiðiárunum 2016/17 sem og 2017/18 var leyfilegur heild-araflí helstu nytjastofna á Íslandsmiðum í fullu samræmi við ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar. Landaður afli helstu nytjastofna var einnig í samræmi við ráðgjöf að teknu tilliti til þess að brottkast afla er ekki leyft á íslenskum fiskiskipum sem og að leyfilegt

er að flytja takmarkaðan hluta aflaheimilda milli fiskveiðiára.

Markmið 2: Tryggja góð og ábyrg skilyrði fyrir sjókvíaldri

Fiskeldi í sjó er vaxandi atvinnugrein sem felur í sér tækifæri til atvinnuuppbyggingar en þarf að byggja upp með ýrtruðu varúð í samræmi við ráðgjöf vísindamanna þannig að líffræðilegri fjölbreytni verði ekki ógnað. Samhliða vexti greinarinnar þarf að tryggja nauðsynlegar rannsóknir og eðlilega vöktun áhrifa á lífríkið ásamt markvissari stjórnsýslu og skilvirku eftirliti.

Í lok árs 2016 skipaði þáverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra starfshóp um stefnumótun í fiskeldi á Íslandi. Í skipunarbréfi starfshópsins er vísað til mikilvægis þess að skilyrði og umgjörð um fiskeldi verði eins og best verður á kosið og í sem mestri sátt við umhverfið. Starfshópurinn skilaði tillögum sínum með skýrslu um stefnumótun í fiskeldi í ágúst 2017. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra lagði í framhaldinu fram frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi á 148. löggjafarþingi 2017–2018. Frumvarpið var að mestu í samræmi við tillögur starfshóps um stefnumótun í fiskeldi. Frumvarpið var jafnframt í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um fiskeldi.

21 Háskólastig

21.20 Rannsóknastarfsemi á háskólastigi

Þann 12. september 2017 var gerður samningur við Landbúnaðarháskóla Íslands (LBHÍ) um þjónustu á sviði rannsókna, þróunarvinnu og sérhæfðar ráðgjafar fyrir árinu 2017–2019. Markmið samningsins er að starfsemi LBHÍ renni stoðum undir megináherslur landbúnaðarstefnu hverju sinni, m.a. í samræmi við fjármálaáætlun sem byggir á að auka verðmætasköpun

13.20 Rannsóknir og þróun í sjávarútvegi

Öflugar hafrannsóknir eru burðarás sjálfbærrar nýtingar lifandi auðlinda hafsins. Gunnrannsóknir eins og kortlagning hafsbotnsins gegna þar mikilvægu hlutverki. Á árinu 2017 var hafin að nýju kortlagning hafsbotnsins við Ísland með fjölgeislasmælum. Einnig var sérstök áhersla á meðafla sjávarspendýra og sjófugla í veiðarfæri.

Markmið 1: Efla vísindalegan grunn sjálfbærrar nýtingar lifandi auðlinda hafs og vatna.

Aðgerð 1: Vinna áfram að kortlagningu hafsbotnsins við Ísland. Á árinu 2017 var mælt svæði sem samsvarar 5% af heildarlögsögu. Heildarmæling með fjölgeislasmælingu eftir árið 2017 er þá um það bil 120.000 ferkílómetrar eða um 15,9 % af lögsögu.

og stuðla að framþróun þekkingarlandbúnaðar, auka samkeppnishæfni matvælaframleiðslu, auka árlega framleiðni, auka árlegan samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og auka sátt um fyrirkomulag og starfsemi landbúnaðar. Á árinu voru greiddar 231,6 m.kr. til LBHÍ í samræmi við samninginn.

Yfirlit yfir ráðstöfun varsjóða

Á árinu 2017 var 10,9 m.kr. ráðstafað úr varsjóði málaflokks 13.20 Rannsóknir og þróun í sjávarútvegi á safnlið sjávarútvegs þar sem haldið er utan um ýmsa samninga og verkefni. Ráðstöfunin var til þess að koma til móts við aukin verkefni í sjávarútvegi.

13.20 Rannsóknir og þróun í sjávarútvegi	Upphæð í m.kr.
Staða varsjóðs í upphafi árs	10,9
04-982 Ýmis framlög í sjávarútvegi	10,9
Staða varsjóðs í lok árs	0


Frávikagreining og yfirlit yfir árslokastöðu ríkisaðila

Á mynd 2 má sjá yfirlit yfir stofnanir, sjóði, samninga og verkefni á forræði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og áætlaða stöðu þeirra í árslok 2017. Tölurnar eru birtar með fyrirvara þar sem uppgjöri Fjársýslu ríkisins er ólokið. Í yfirlitinu má sem dæmi sjá aðalskrifstofu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis í efstu línu með 106,7 m.kr. upp-

safnaðan afgang, sem eins og áður hefur komið fram skýrist af því að ráðningar nýrra starfsmanna voru síðar á árinu en áætlað var ásamt því að ferðakostnaður var lægri, m.a. vegna hagstæðari fargjalda í gegnum nýjan afsláttarsamning ríkisins um millilandaflugfargjöld.

Mynd 2: Staða ríkisaðila í árslok 2017

Uppsöfnuð frávik/áætluð árslokastaða ríkisaðila og verkefna



Viðauki

Yfirlit yfir útgefið efni

- **Skýrsla starfshóps um endurskoðun löggjafar um dýrasjúkdóma og dýralækna** (málefnasvið 12)